

Mál nr. 31/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.
Uppgjör skaðabóta vegna slyss 6. júní 2014.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 31.1.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 13.2.2017, ásamt gögnum, þ.m.t. tölvupóstsamskiptum starfsmanna V og M, bréf V til M dags. 17.11.2016 og kvittanir fyrir greiðslu bóta dags. 17. og 25. nóvember 2016.

Tölvupóstur M, dags. 13.2.2017 ásamt fylgiskjali

Tölvupóstur M, dags. 1.3.2017.

Málsatvik.

Í málinu liggur fyrir að V hefur greitt bætur úr ábyrgðartryggingu X vegna slyss sem M varð fyrir 6. júní 2014. Ágreiningur er um hvort M eigi rétt á frekari bótagreiðslum vegna slyssins.

M rekur atvik hvað varðar uppgjör bóta í málskoti og telur að V hafi ekki tekið tillit til röksemda hans varðandi framtíðarsjúkrakostnað við greiðslu bóta. M telur að vangreiddar séu bætur vegna kostnaðar hans til framtíðar við að kaupa sérstök augnlyf og telur að það eigi að taka tillit til hækkandi kostnaðar við kaup slíkra lyfja við ákvörðun bóta. M vísar til þess að í læknisvottorði, sem lagt sé fram af hans hálfu, komi fram röksemdir sem styðji kaup hans á umræddu augnlyfi til framtíðar og komi það einnig fram í matsgerð vegna slyssins. Einnig vísar M til þess að hann hafi gert fyrirvara við tímasetningu mats á afleiðingum slyssins og gerir athugasemdir við starfshætti V.

V telur að samkomulag um bætur hafi verið gert milli V og M og hafi M samþykkt bótatilboð félagsins í nóvember sl. án allra fyrirvara. Málið sé því uppgert og þegar af þeirri ástæðu komi ekki til frekari bótagreiðslna. V tekur sérstaklega fram í bréfi sínu til nefndarinnar dags. 13. febrúar 2017 að það samþykki ekki að nefndin fjalli um bótafjárhæðir.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum frá 21. nóvember 2005, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, starfar úrskurðarnefnd í váttryggingamálum samkvæmt samkomulagi viðskiptaráðuneytisins (nú Fjármála- og efnahagsráðuneytisins), Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga (nú Samtaka fjármálafyrirtækja). Þá segir í 1. mgr. 3. gr. samþykktanna að nefndin úrskurði um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og váttryggingafélags sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt segir að nefndin úrskurði um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Í 2. mgr. 3. gr. er tekið fram að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu samþykki allra málsaðila. Nefndin úrskurðar hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

Í málinu er ágreiningur um hvort fullnaðaruppgjör hafi farið fram vegna slyss M og hvort hafi verið miðað við réttar forsendur við ákvörðun á greiðslu skaðabóta vegna sjúkrakostnaðar. Í því felst að ágreiningur er um hvaða bótafjárhæð V eigi endanlega að greiða til M. Í bréfi V, dags. 13. febrúar sl., kemur skýrt fram að samþykki liggi ekki fyrir af hálfu félagsins að nefndin fjalli um ágreining um bótafjárhæðir. Nefndin er bundin af samþykktum sínum þeim sem hún starfar eftir og hefur ekki heimild til að fara gegn ákvæðum þeirra. Það liggur ekki fyrir samþykki allra málsaðila, eins og áskilið er til þess að fjalla um ágreining um bótafjárhæðir í þessu máli, og hefur nefndin ekki annan kost en að vísa málinu frá með vísan til 3. mgr. 3. gr. fyrrnefndra samþykktu.

Niðurstaða.

Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 7. mars 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.